

Stjórnarhættir til fyrirmyndar

Fjarskipti hf., móðurfélag Vodafone á Íslandi, hefur hlotið viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.

Fjarskipti hf., móðurfélag Vodafone á Íslandi, hefur hlotið viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Viðurkenning þessi byggist á nákvæmri úttekt á vinnubrögðum stjórnar og stjórnenda Fjarskipta hf. sem KPMG gerði í september síðastliðnum. Niðurstöðurnar þykja gefa góða mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins, sem sagðar eru geta verið öðrum til fyrirmyndar.

Mat sitt byggir rannsóknarmiðstöðin í meginatriðum á því að fylgt sé leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. gefa út. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna gagnvart hluthöfum og öðrum eftir atvikum.

Góð hvatning

„Það er gleðiefni að Fjarskipti hf. hljóti viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Hjá félaginu leggjum við okkur fram um að vanda stjórnarhætti í hvívetna og vera í fararbroddi með að tileinka okkur viðmið sem hafa gefist vel. Viðurkenningin nú er góð hvatning til að halda áfram á sömu braut,“ segir í tilkynningu, haft eftir Heiðari Guðjónssyni, stjórnarformanni Fjarskipta.

sbs@mbl.is



Vodafone í góðum málum. — Morgunblaðið/Ómar